

## Stjórnarfundur Leiðsagnar, 27. október 2020 kl. 13:00

Sjöundi fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn þriðjudaginn 27. október klukkan 13:00. Fundinn var haldinn í gegnum fjarfundabúnað en hann sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Þór Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson ritaði fundargerð. Jakob S. Jónsson fulltrúi í Trúnaðarráði og Fagráði var gestur fundarins.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Nokkrar athugasemdir sem ritari færir inn. Frestað til næsta fundar.

### 2. Frumvarp um tekjufallsstyrk.

Liggur fyrir Alþingi. Formaður gekk á fund Efnahags- og viðskiptanefndar og félagið sendi inn umsögn í framhaldi af því. Eins og þetta lítur út nú gagnast það helst litlum fyrirtækjum og einyrkjum sem eru lögaðilar.

### 3. Tilnefning fulltrúa í starfshóp ferðamálaráðherra um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna.

Auk eins fulltrúa Leiðsagnar sitja í nefndinni fulltrúar Ferðamálastofu, Hæfnisseturs ferðaþjónustunnar, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Samtaka ferðaþjónustunnar og auðlinda- og umhverfisráðuneytis, einn frá hverjum aðila. Frumiðurstöðum skal skilað eigi síðar en 15. janúar 2021 og lokaskýrslu 15. mars. Samþykkt að tilnefna Jakob S. Jónsson fulltrúa Leiðsagnar í nefndina. Hann situr í trúnaðar- og fagráði og kjaranefndi og þekkir þennan málaflokk vel. Afrakstur þessarar vinnu verður kynntur þegar tilefni þykir til og verður haldinn sérstakur félagsfundur um efnið þegar lokaskýrsla liggur fyrir.

Fundi slitið klukkan 13:50.